

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar



Dags eftirlits	28.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Hornafjarðar	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Skúli Ingólfsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Jóhann	Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram við eftirlit varðandi neyðaráætlun, samráðsfund, umhverfismarkmið, ábyrgðartryggingu, skráningar og sigvatn.

Fimm frávik frá seinasta eftirliti voru staðfest í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) samkvæmt samningi milli HAUST og Umhverfisstofnunar. Eftirlitsmenn voru Helga Hreinsdóttir og Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Urðunarstaðurinn var skoðaður í fylgd fulltrúa frá sveitarfélaginu og Íslenska Gámafélaginu (ÍGF). Gengið var um allan urðunarstaðinn.

Girðing um svæðið var í góðu ásigkomulagi og hlið lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram.

Við skoðun mátti sjá framfarir í umgengni frá eftirlitsferð 2017 en enn var talsvert magn fokefna á svæðinu. Gömul net voru enn til staðar og smárusl var víða, m.a. á landi sem var komið í rétta hæð og búið að sá í. Fokefni og laus úrgangsefni voru ofan í skurðum, skorningum og þar sem skjól var. Talsvert var af flotkúlum úr nót. Daglegur frágangur urðunarreina var ófullnægjandi.

Á urðunarstaðnum er tekið á móti veiðarfærum sem ekki fara í endurvinnslu til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) en samningur er á milli Úrvinnslusjóðs og SFS á úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum. Minnt er á að endurnýtanleg veiðarfæri eiga ekki að fara í urðun.

Fram kom í eftirliti að aðeins væri seyra og sandur úr ræsum í gryfjunni fyrir lífrænan úrgang. Minnt er á að bygja skal allan úrgang samdægurs. Fiskúrgangur fer nú í meltu hjá Skinney Þingnesi og upplýsingar voru um að sláturúrgangur væri urðaður í rein með heimilissorpi. Allt timbur er kurlað, þ.e. bæði unnið og óunnið. Unnið kurlað timbur er urðað.

Í eftirliti var rennsli vatns gegnum urðunarstaðinn mælt um 5,6l/sek. Við skoðun á hreinsivirkinu var ljóst að siturbeðið var stíflað.

Í lok eftirlitsins var farið yfir ákvæði starfsleyfis og bréfaskrifta milli Umhverfisstofnunar og rekstraraðila vegna frávika og úrbóta frá síðustu eftirlitsferð. Af sex frávikum sem koma fram í samþykktu úrbótáætlun frá 23. apríl sl. hefur einu verið lokað vegna skila á grænu bókhaldi frá 2015 og 2016. Fimm frávik eru enn útafstandandi og voru staðfest í eftirlitinu. Fyrst má nefna frávik frá gr. 2.1. og 3.1. í starfsleyfi er varðar umgengni á svæðinu en í eftirlit var fokefni og laus úrgangsefni ennþá að finna á urðunarsvæðinu. Annað frávik frá gr. 2.1. í starfsleyfi er varðar lausamuni og geymslu úrgangsefna á svæðinu. Við eftirlit var töluvert af úrgangi og

lausamunum í svæðinu og frágangur því ófullnægjandi. Verklagsreglur Íslenska Gámafélagsins vegna flokkunar úrgangs ásamt endurvinnslu og endurnýtingu hafa ekki borist Umhverfisstofnun og því er ekki hægt að loka frávikum frá greinum 2.9 og 4.1., um er að ræða tvö aðskilin frávik. Frávik frá grein 4.3 í starfsleyfi vegna ófullnægjandi daglags frágangs urðunarreina var einnig staðfest.

Magntölum fyrir úrgang til urðunar hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar. Staðfest með tölvupósti frá UST dags. 6.7.2018.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.7 í starfsleyfi	Neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs átti að berast eftirlitsaðila fyrir 1. janúar 2013 skv. gr. 1.7 starfsleyfi. Slík áætlun hefur ekki borist.
Gr. 1.10 í starfsleyfi	Skv. gr. 1.10 í starfsleyfi skal rekstraraðili boða til samráðsfundar fjórða hvert ár. Síðasti samráðsfundur hefði átt að fara fram árið 2016.
Gr. 2.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en skv. grein 2.3 í starfsleyfi ber honum að setja sér slík markmið og starfa eftir þeim.
Gr. 2.11 í starfsleyfi	Ábyrgðartrygging hefur ekki borist eftirlitsaðila en skv. gr. 2.11 í starfsleyfi ber rekstraraðila að leggja fram slíka tryggingu
Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi	Skráningum á reglulegu eftirliti hefur ekki að fullu verið sinnt skv. gr. 5.1. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar og senda Umhverfisstofnun ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 5.4. í starfsleyfinu.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Sigvatn skal skv. gr. 3.3 hreinsað með fullnægjandi hætti þegar siturbeð er stíflað getur hreinsun ekki talist fullnægjandi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir